

Veirusjúkdómurinn *plasmacytosis* í villtum mink

*Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands; Háskóli Íslands
Menja von Schmalensee, Náttúrustofa Vesturlands; Háskóli Íslands
Egbert Gunnarsson, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum
Páll Hersteinsson, Háskóli Íslands

Plasmacytosis er hæggeng veirusýking sem veldur minnkaðri frjósemi, slappleika og jafnvel dauða hjá aliminkum. Sjúkdómurinn kom til landsins með eldisdýrum um 1970 og var landlægur í minkarækt til 1982 en hefur aðeins komið upp á fjórum búum síðan. Veirusýkingin fannst í villtum minkum í rannsókn sem gerð var 1986-1987 [1] og var þá bundin við norðan- og norðaustanvert landið í fremur lágri tíðni. Sýni til rannsókna á útbreiðslu og tíðni sýkingar voru aftur tekin á árunum 1997-2010 og kom þá í ljós að bæði útbreiðsla og sýkingartíðni hafði aukist umtalsvert frá fyrri rannsókninni. Samanburður á sýktum og ósýktum dýrum (sýni úr afla minkaveiðimanna) með tilliti til frjósemi og líkamsástands bendir til að sjúkdómurinn hafi ekki áhrif á þessa þætti hjá villtum minkum.

[1] Karl Skirnisson, Egbert Gunnarsson og Sigríður Hjartardóttir 1990. *Plasmacytosis*-sýking í villtum mink á Íslandi – Búvísindi 3, 113-122.